

Lykilskilaboð fyrir unglækna og nema

Hafðu þessi skilaboð til hliðsjónar ásamt þeim sem er beint að þeim ákveðna markhópi sem tilheyrir þínu sérsviði.

Það sem þú getur gert

- Kynntu þér og tileinkaðu þér leiðbeiningar um sýklalyfjanotkun og sýkingavarnir sem eiga við þitt sérsvið [samhljóða sérfræðiálit].
- Þegar þú verður vitni að ávísun sýklalyfja skaltu spyrja útgefanda lyfseðilsins um ábendinguna, lyfjaval, skammtinn, inntökuleiðina og lengd meðferðar, til að átta þig á því hvort að það sé í samræmi við viðmiðunarleiðbeiningar um sýklalyf [69].
- Ef þú sérð samstarfsfólk á sjúkrahúsi eða heilbrigðisstofnun brjóta gegn viðmiðunarleiðbeiningum eða aðferðarlýsingu, spurðu af hverju það gerði það og láttu það fá upplýsingar til þess að það geri sér grein fyrir mistökum sínum [69] [samhljóða sérfræðiálit].
- Áður en þú ávísar sýklalyfjum skaltu [25,26,53,70] [samhljóða sérfræðiálit]:
 - Leita leiðbeininga og ráðgjafar frá reyndari starfsmanni eða aðila í stýrihópi um sýklalyf;
 - Athuga staðbundin, svæðisbundin og landsbundin faraldsfræðileg gögn.
- Skrá ábendingu fyrir sýklalyfjameðferð, lyfjaval, skammt, inntökuleið og lengd meðferðar í sjúkraskrá sjúklingsins [31,42,70,71].
- Svara eftirfarandi lykilsurningum til að bæta sýklalyfjameðferðir. Ef þú ert í vafa skaltu leita ráða hjá stýrihópi um sýklalyf [31,42,53,70,71]:
 - Eru miklar líkur á bakteríusýkingu, frekar en bólfestu eða veirusýkingu?
 - Fór fram viðeigandi ræktun áður en sýklalyfjagjöf hófst.
 - Hefurðu athugað fyrri notkun sýklalyfja, lyfjaofnæmi, ónæmisbælandi meðferð, nýlega innlögð á sjúkrahús eða stofnun, nýleg ferðalög utan Evrópu og niðurstöður sýklarannsóknna síðustu 3 mánuði?
 - Er sjúklingurinn með sýkingu sem mun bregðast við sýklalyfjum?

Ef já;

 - Er sjúklingurinn á réttum sýklalyfjum, er skammturinn réttur og er inntökuleið rétt?
 - Væri hægt að nota sýklalyf með þrengra virknisvið til meðferðar gegn sýkingunni?
 - Hversu lengi ætti sjúklingurinn að fá sýklalyf?
- Ganga úr skugga um að sjúklingarnir (og fjölskyldur þeirra) skilji ástæðu meðferðar með sýklalyfjum og helstu atriði sem tengjast notkun sýklalyfja, þ.m.t. að [31,69] [samhljóða sérfræðiálit]:
 - Taka inn sýklalyf nákvæmlega eins og þeim er ávísað;
 - Aldrei geyma sýklalyf til seinni tíma nota;
 - Aldrei nota afgang af sýklalyfjum frá fyrri meðferð; og
 - Aldrei gefa öðrum afgangssýklalyf.

